

Starfsáætlun leikskólans Álfabergs

Skólaárið
2024 - 2025

Formáli

(Um starfsáætlanir leikskóla (fylgiskjal/ gátlisti?))

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Þróunarfúlltrúa leikskóla fyrir 20. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	6
2.4 Matsáætlun	6
2.1 Innra mat leikskólans	6
2.2 Húsnæði og lóð	7
2.3 Ytra mat.....	7
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	7
3. Áherslur í starfi leikskólans	8
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	8
4. Starfsmannamál	10
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí.....	10
4.2 Starfsþróunarsamtöl	10
4.3 Símenntun frá síðasta ári	10
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	11
5. Aðrar upplýsingar	12
5.1 Barnahópurinn 1. maí.	12
5.2 Foreldrasamvinna.....	12
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	12
5.4 Almennar upplýsingar	12
5.5 Áætlanir.....	13
Fylgirit	13
• Matsgögn	13
• Leikskóladagatal	13
• Umsögn foreldraráðs	13
• Annað	Error! Bookmark not defined.

1. Inngangur

Hvað einkenndi árið, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburði o.þ.h.

Skólárið gekk heilt yfir vel og erum við að ná góðum takti í að halda utan um breyttan vinnutíma starfsmanna. Þegar mikil veikindi eru í starfsmannahópnum getur reynst áskorun að láta daginn ganga upp en með góðri samvinnu allra tekst það. Höfum við verið lánsöm og ekki þurft að loka deildum eða senda börn fyrr heim að deginum. Bæði faghópur leikskólans og aðrir starfsmenn eru ánægðir með fyrirkomulag breytts vinnutíma. Við eigum enn eftir að fínþússa þessa breytingu og höfum nýtt þetta skólaár til að skrá hjá okkur hvað betur má fara og munum hafa sem leiðarljós okkar fyrir næsta skólaár. Bæði starfsmannakönnun og foreldrakönnun gáfu góðar niðurstöður og gefa til kynna ánægju bæði starfsmanna og foreldra. Starfsmannahópurinn vann úrbætur út frá báðum könnunum.

Starfsmannahald.

Í upphafi skólaárs var leikskólinn fullmannaður. Einn starfsmaður fór í veikindaleyfi í október, tveir deildarstjórar frá áramótum fóru í langtíma veikindi og einn starfsmaður slasaðist á leið til vinnu. Von er á tveimur af þessum starfsmönnum til vinnu í haust en hinir tveir verða lengur frá vinnu í ófyrirséðan tíma. Einn starfsmaður lét af störfum. Náðum við að manna þessar stöður. Hjá okkur er starfsmaður í meistaranámi leikskólakennarafræða. Næsta haust mun annar starfsmaður að öllum líkindum hefja nám í leikskólakennarafræðum. Tveir starfsmenn luku PMTO grunnmenntun og eru þá tíu starfsmenn sem hafa lokið náminu.

Helstu verkefni

Áherslur voru áfram lagðar á læsi, farsæld barna og snemmtæka íhlutun, tengslamyndandi nálgun, félagsfærni, boðskipti og SMT skólafærni. Einnig leggjum við áherslur á umhyggju, vellíðan, umburðarlyndi og virðingu. Í maí var tekin ákvörðun um að endurskoða efnivið leikskólans. Í upphafi var lagt upp með að allur efniviður væri opinn og myndi styðja við nám barnanna. Með tímanum hafði hins vegar safnast inn til okkar alls konar efniviður sem var ekki í samræmi við opinn efnivið. Var því farið í heljarinnar tiltekt í júní þar sem við losuðum okkur við leikföng sem samræmdust ekki stefnu leikskólans. Stærsta verkefni skólaársins var handleiðsla sem þróunarfulltrúi leikskóla Hafnarfjarðar leiddi. Þróunarfulltrúi sat morgunfundi leikskólans og deildarstjórufundi, átti fund með leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra, tók viðtöl við deildarstjóra og var með áhorf á deildum. Stjórnendur fengu kynningu á deildarstjórufundi um fyrstu niðurstöður en fyrirhugað er að hafa aðra kynningu að hausti fyrir alla starfsmenn. Niðurstöður gáfu til kynna að andrúmsloft í leikskólanum sé gott, börnum líði vel, faglegt starf sé gott og að SMT og vinna með farsæld barna sé til fyrirmyndar. Fengum við gagnlegar ábendingar um hvað við getum gert betur til að draga úr álagi, eins og með því að skipta börnum enn frekar upp í minni hópa. Á næsta skólaári verður áfram unnið með þessar niðurstöður.

Fræðsla

Áhersla var lögð á gagnlega fræðslu fyrir starfsmenn. Bæði sem tengist samvinnu og starfsánægju starfsmanna sem og faglegu starfi með börnum.

BRÚIN

Fundir Brúarteymis voru haldnir einu sinni í mánuði. Vinna með farsæld barna er gríðarlega mikilvægur þáttur í starfi leikskólans. Vörðu vinnan okkar rammar verkferla leikskólans vel inn og allir starfsmenn ættu að þekkja þá vel sem og starfshætti leikskólans þegar kemur að farsæld barna.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.4 Matsáætlun

- Hvaða þætti leikskólastarfsins er áætlað að meta?
Við munum nýta okkur handleiðslu þróunarfulltrúa leikskóla á komandi skólaári. Endurmeta dagskipulag okkar með tilliti til meira flæðis í leikskólastarfinu. Einnig að vinna markvisst með að skipta börnunum upp í smærri hópa.
- Hvenær/ hve oft verður metið (skipulag matsins)? Fyrsta endurmat fer fram á skipulagsdegi 20. september 2024. Áætlaðir eru síðan tveir starfsmannafundir á skólaárinu til þess að vinna enn frekar að endurmati og tengja við vinnu nýrrar skólanámskrár.
- Hvaða matsaðferðir / matsgögn er áætlað að nýta. Munum styðjast við spurningar til starfsmanna og umræður um ákveðna þætti þar sem vel er haldið utan um svör starfsmanna og þau tekin saman. Innra mat verður jafnframt til umræðu á deildarstjórafundum og/eða fagfundum.
- Hverjir munu taka þátt í matinu? Allir starfsmenn, en einnig unnið með á deildarstjórafundum og/eða fagfundum.

2.1 Innra mat leikskólans – Framkvæmd

Innra mat leikskólans þetta árið tengdist mest niðurstöðum foreldrakönnunar og starfsmannakönnunar. Allir starfsmenn tóku þátt í vinnu við endurmat. Helstu þættir úrbótaáætlunar voru:

- **Foreldrakönnun:**
- Upplýsingaflæði ábótavant, hvað er verið að gera yfir daginn
- Náms og þroska staða barns
- Samskipti við foreldra
- Húsnæði og aðstaða
- Flutningur á milli deilda

Þessa þætti höfum við lagt áherslu á að gera betur frá því að niðurstöður voru birtar. Til þess að bregðast við ábendingum foreldra um húsnæði og aðstöðu sendi foreldrafélag og foreldraráð í samvinnu við stjórnendur bréf til fræðsluráðs þar sem óskað var eftir að útisvæði leikskólans yrðu löguð.

- **Starfsmannakönnun:**
- Starfsaðstæður, starfsmenn komu með hugmyndir að bættum starfsaðstæðum og var þá nefnt: færri börn á deildum, jafnari ábyrgð, nýta styrkleika hvers starfsmanns, aukin hljóðvist, nýta nærumhverfi meira, hentugra húsnæði, betri útisvæði og fleira.
- Vinnuálag, þessi þáttur hefur síðustu ár komið illa út hjá okkur og komu starfsmenn með hugmyndir að leiðum til að draga úr álagi. Nefnt var meðal annars að skipta barnahópnum meira upp í smærri hópa, að starfsmenn mæti til vinnu, dreifa verkefnum á starfsmenn deilda og koma í veg fyrir að sömu aðilar haldi starfinu gangandi, skýrt skipulag fyrir deildina og fleira.

2.2 Húsnæði og lóð

- Fyrirhugaðar framkvæmdir á húsnæði leikskólans eru ákveðnar af umhverfis og skipulagssviði. Skipt verður um glugga á einni deild. Nánari áætlun liggur ekki fyrir.
- BSI gerði úttekt á útisvæðum leikskólans og þegar þetta er skrifað hefur skýrsla ekki borist.
- Slökkvilið gerði úttekt vorið 2024. Var bent á að á tveimur eldri deildum leikskólans væri ekki brunastigi til þess að komast út af deildinni ef eldur kviknaði, deildarnar eru á annarri hæð húsnæðis okkar.

2.3 Ytra mat

Foreldrakönnun Skólapúlsins:

Niðurstöður foreldrakönnunar gáfu til kynna ánægju foreldra með leikskólann. Alltaf er hægt að gera gott starf betra og var því rýnt í þá þætti sem gáfu til kynna að við getum bætt okkur í. Var það unnið með starfsmannahópnum öllum og úrbótaáætlun gerð.

Starfsmannakönnun Prósent:

Niðurstöður starfsmannakönnunar sýndu að starfsánægja ríkir í leikskólanum sem er alltaf gott að fá staðfest. Álag mælist þó alltaf hátt hjá okkur og síðustu ár höfum við unnið reglulega með þátt með starfsmönnum. Helsti álagsþátturinn er fjarvera starfsmanna vegna skammtíma veikinda og hefur okkur ekki tekist að brjóta þann vítahring. Á komandi skólaári verðum við að kafa enn dýpra í þennan þátt og finna leiðir til að rjúfa vítahringinn. Einnig þurfum við að draga úr álagi með því að rýna í dagskipulag, skipta börnunum í minni hópa og fleira.

2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Um þennan þátt var fjallað í kafla 2.1

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

1. **Dagskipulag leikskólans**, meira flæði, minni hópar barna í rými yfir daginn.

Markmið verkefnisins: Draga úr álagi á börn og starfsfólk. Að börnin njóti sín betur í námi og leik og hafi meira rými.

Leiðir að markmiði: Samtal við alla starfsmenn, nýta okkur ábendingar þróunarfulltrúa eftir handleiðslu til okkar. Endurskoða dagskipulag.

Hver er ábyrgur: Stjórnendur leikskólans, þar með talið deildarstjórar.

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Metið á starfsmannafundi í mars 2025 með fyrir fram ákveðnum spurningum og samtali við alla starfsmenn.

2. **Opinn efniviður í leikskólanum.**

Markmið verkefnisins: Að styrkja starfsmenn í að leyfa börnunum að skapa og leika sér á sínum forsendum með opinn efnivið og hafi til þess nægan tíma. Viljum nota skynjunarefnivið meira.

Leiðir að markmiði: Fyrirlestur um opinn efnivið, samtal við alla starfsmenn um hvernig frjálsum leik barna er háttað og hvaða efnivið er boðið upp á. Einnig fjalla um hlutverk kennara í frjálsum leik barna, tengja við nýja þætti í Aðalnámskrá.

Hver er ábyrgur: Stjórnendur leikskólans, þar með talið deildarstjórar.

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Metið á starfsmannafundi í desember 2024 með samtali við starfsmenn, ræða hvernig hefur gengið, hvað þurfum við að gera betur og kalla fram nýjar hugmyndir.

3. **Hringekja, hópastarf.**

Markmið verkefnisins: Endurskoða hvernig unnið er með hringekju, skoða vel lengd tíma á hverri stöð. Börnin þurfa tíma og rými til þess að vinna verkefni og uppbrot má ekki vera of snemma. Í dag vinna börnin í 10 mínútur á hverri stöð og er það of stutt.

Leiðir að markmiði: Samtal við alla starfsmenn og prófa okkur áfram. Er eitthvað sem við viljum breyta?

Hver er ábyrgur: Deildarstjórar.

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Metið á starfsmannafundi í desember 2024 með samtali við starfsmenn, ræða hvernig hefur gengið, hvað þurfum við að gera betur, og kalla fram nýjar hugmyndir. Kalla fram kosti og hindranir ef einhverjar eru.

4. **Útivera – færa fagstarf út á stöðvar.**

Markmið verkefnisins: Færa fagstarfið okkar meira út á stöðvar og nota til þess útisvæðin en einnig nærumhverfi leikskólans.

Leiðir að markmiði: Kynna okkur stöðvavinnu í öðrum leikskólum, hvað er verið að gera og hvernig. Samtal við alla starfsmenn og jafnvel útbúa hugmyndabanka sem allir geta nýtt sér. Greina með starfsmönnum hvort það sé eitthvað sem okkur vantar til þess að við getum nýtt okkur útiveru fyrir stöðvavinnu.

Hver er ábyrgur: Deildarstjórar.

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Metið á starfsmannafundi í janúar 2025 með samtali við starfsmenn, ræða hvernig hefur gengið, hvað þurfum við að gera betur og kalla fram nýjar hugmyndir. Ræða kosti þess að vinna meira með fagnám úti og skoða hvort einhverjar hindranir eru til staðar.

5. Árshjól – fagstarf leikskólans yfir skólaárið.

Markmið verkefnisins: Fylgjast með því að allar deildir vinni samkvæmt árshjóli leikskólans. Að unnið sé með það námsefni sem sett er fram í árshjóli og ekki vikið frá því. Í árshjóli er tiltekið hvaða námsefni vinna á með í hverri viku skólaársins, sem dæmi Lubba, Tölum saman, SMT, Blæ og fleira.

Leiðir að markmiði: Ræða strax við allan starfsmannahópinn að hausti. Dreifa ábyrgð á námsþáttum á starfsmenn deilda sem fylgja því eftir að árshjóli sé fylgt. Allur starfsmannahópurinn þarf að vera meðvitaður um tilgang árshjólsins og að það sé ekki val hvernig deildar hvort unnið sé eftir því. Einnig þarf að ræða hvenær dagsins og með hvaða hætti unnið er með námsþætti, er það gert til að mynda í hringekju og þá í hversu langan tíma á hverri stöð. Er ein stöð á hverjum degi tileinkuð ákveðnum námsþætti sem ákveðinn starfsmaður ber þá ábyrgð á? Rýna með starfsmannahópnum hvaða leiðir er best að fara.

Hver er ábyrgur: Stjórnendur leikskólans, þá sérstaklega deildarstjórar.

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Á starfsmannafundi í janúar með öllum starfsmannahópnum, deildarstjórufundir einnig nýttir fram að því til þess að ræða hvernig gengur að ná markmiði. Samtal við starfsmenn og þeirra skoðanir kallaðar fram um hvernig gengur og hverju þarf að breyta.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1,0	Leikskólakennaramenntun
Aðstoðarleikskólastjóri	1	1,0	Grunnskólakennaramenntun
Sérkennslustjóri	1	0,75	Proskapjálfi
Leikskólakennari	3	3,0	Leikskólakennaramenntun
Leyfisbréf kennara	2	1,82	Grunnskóla- og íþróttakennari
Proskapjálfi	1	1	Proskapjálfamenntun
Önnur háskólamenntun	3	3,0	Önnur háskólamenntun
Leiðbeinendur	14	13,84	Grunnskólapróf, iðngreinapróf, stúdentspróf

4.2 Starfspróunarsamtöl

Allir starfsmenn fengu eitt starfsmannasamtal á skólaárinu. Á komandi skólaári munum við breyta til og leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka stutt samtali við hvern starfsmann að hausti, deildarstjóri tekur samtali í janúar við sína starfsmenn og að vori fá allir starfsmenn aftur starfsmannasamtal.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

- Fyrirlestur leikskólastjóra fyrir starfsmenn um starfshætti og gildi leikskólans
- Fyrirlestur leikskólastjóra fyrir starfsmenn um starfsánægju, samvinnu og vinnustaðamenningu.
- Fyrirlestur leikskólastjóra fyrir deildarstjóra um hlutverk deildarstjóra, ábyrgð, hlutverk, starfsmannahald, samvinnu á deild, dreifða ábyrgð á verkefnum deildarinnar og starfslýsingu.
- Jafnréttisáætlun Hafnarfjarðarbæjar kynnt öllum starfsmönnum sem og jafnréttisáætlun leikskólans af aðstoðarleikskólastjóra.
- Farið vel yfir niðurstöður foreldrakönnunar og starfsmannakönnunar, úrbótaáætlun unnin með öllum starfsmannahópnum.
- Námskeið um ábyrgð hjá Saga Story House, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Í kjölfarið fjallað um ábyrgð deildarstjóra í fyrirlestri fyrir þá.

- Fyrirlestur fyrir alla um kvíða leikskólabarna – sálfræðingar frá Mennta- og lýðheilsusviði.
- Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi, námskeið á vegum BOFS sem allir starfsmenn tóku þátt í.
- Ýmis námskeið á vegum Kragans, reynt var að senda sem flesta starfsmenn, deildarstjórar og leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri sóttu einnig námskeið.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu upprifjun á EKKO námskeiði hjá Auðnast.
- Fjarvistastuðningur á vegum Auðnast fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.
- Tveir starfsmenn luku PMTO grunnmenntun.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu örfyrirlestra á vegum FSL.
- Fjórir deildarstjórar og sérkennslustjóri fóru til Glasgow í námsferð og sóttu námskeiðið Storytelling og Floorbook.
- Farsældarskólinn, tengiliðafræðsla 1. og 2. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri.
- Áhrif Complex-/Developmental trauma á tengsl og þroska leik- og grunnskólabarna, Vilborg G. Guðnadóttir var með fræðsluna. Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri.
- Sérkennslustjóri sótti námskeið í TRAS hjá Endurmenntun.
- Þátttaka í læsishópum á vegum Mennta- og lýðheilsusviðs, jafningjafræðsla.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Eftirfarandi eru hugmyndir að símenntun fyrir skólaárið 2024 - 2025

- Ýmsir fyrirlestrar á sameiginlegum skipulagsdegi leik- og grunnskóla 16. ágúst.
- Fyrirlestur tengt starfsánægju og vellíðan á vinnustað.
- Fyrirlestur um flæði í leikskólastarfi.
- Fyrirlestur um einingakubba.
- Fræðsla fyrir starfsmannahóp vegna barna með ADHD, birtingarmynd þess í skólastarfi, úrræði og aðlögun umhverfis. Fræðsla frá Mennta- og lýðheilsusviði.
- Fræðsla fyrir starfsmannahóp um börn og áföll. Fræðsla frá Mennta- og lýðheilsusviði.
- Fræðsla fyrir starfsmannahóp um einhverfurófið, ólíkar birtingarmyndir einhverfu, greiningarferlið og hagnýt ráð. Fræðsla frá Mennta- og lýðheilsusviði.
- Önnur námskeið eða ráðstefnur sem starfsmenn vilja sækja.
- Námskeið á vegum Kragans.
- Þátttaka í læsishópum á vegum Mennta- og lýðheilsusviðs, jafningjafræðsla.
- SMT – Kolbrún mun vera okkur innan handar, verður með áhorf á deildum og fræðslu til starfsmanna.
- Fræðsla um slökun barna
- Hljóm-2 fyrir sérkennslustjóra

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí

- 85 börn í leikskólanum
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkvæmt greiningarviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki voru 5.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað) voru 25 börn sem voru með þjálfunaráætlun.
- Fjöldi barna með ofnæmi voru 7
- Fjöldi barna með fæðuóþol voru 5
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku voru 17
- Fjöldi tungumála voru 14
- Í Álfabergi voru foreldrar af öðrum þjóðernum frá: Póllandi, Filipseyjum, Frakklandi, Albaníu, Litháen, Portúgal, Rúmeníu, Kúrdistan, Venezúela, Víetnam, Færeyjum og Hollandi.

5.2 Foreldrasamvinna

- Í foreldraráði leikskólans eru þrír foreldrar. Kosið er í foreldraráð að hausti. Foreldraráð gefur umsagnir til leikskóla, um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Það fer einnig yfir leikskóladagatal og hefur umsagnarrétt um meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.
- Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári. Eitt að hausti og eitt að vori sem þó er val foreldra um hvort þeir komi í.
- Foreldrafélag er starfrækt í Álfabergi og í því eru fjórir foreldrar. Foreldrafélagið stóð fyrir leikritum bæði fyrir jól og á sumarhátíð barnanna sem og að fá jólasvein á jólaball leikskólans.
- Vorið 2024 tóku foreldrafélag og foreldraráð höndum saman og sendu erindisbréf til Fræðsluráðs Hafnarfjarðar með ósk um að útsvæði leikskólans yrðu endurgerð og löguð. Sérstök áhersla var lögð á útsvæði yngri barnanna okkar sem er svo bersælt og lítilfjórlegt Vonandi verða gerðar úrbætur á komandi skólaári.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarf leikskólans og Engidalsskóla hefur verið mjög lítið þetta skólaár. Börnunum sem fara í grunnskólann í haust var boðið að koma í vorskóla. Samstarfið hefur helst falið í sér upplýsingagjöf frá leikskólanum til grunnskólans varðandi börn sem hafa byrjað að hausti í grunnskólanum og verið hjá okkur áður.

5.5 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
 - einelti
 - ofbeldi
 - annað
- Viðbragðsáætlun við.
 - slysum
 - áföllum
 - Heimsfaraldur
 - annað
- Öryggisáætlanir
 - Rýmingaráætlun
 - Vinnuverndaráætlun
 - Öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina

[Starfsaðferðir á Álfabergi vegna kynferðis ofbeldis á börnum.pdf](#)

[Starfsaðferðir á Álfabergi vegna líkamlegs eða andlegs ofbeldis.pdf](#)

[Ferlar ef grunur kemur upp um frávik hjá börnum.](#)

[Áætlun gegn einelti, börn. Ferlar gegn einelti, börn.](#)

[Einelti og kynferðislegt ofbeldi í starfsmannahópi.pdf](#)

[Einelti, áreitni og ofbeldi í starfsmannahópi.pdf](#)

[Verkferill ef upp kemur einelti í starfsmannahópi.pdf](#)

[Slysa- og brunaverkferlar.](#)

[Viðbragðsáætlun vegna öskufalls.](#)

[Öryggishandbók leikskóla.](#)

[Röskun á skólastarfi.](#)

[Röskun á skólastarfi, english.](#)

[Áfallaáætlun 2018.pdf](#)

Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs

Annað:

Skipulagsdagar leikskólans voru samkvæmt leikskóladagatali og voru nýttir fyrir margvíslega fræðslu, endurmat og deildarfundi. Einnig voru starfsmannafundir nýttir vel fyrir sömu þætti.

Hafnarfirði 20. júní 2024

Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir
Leikskólastjóri